



**I HÖNNUN**  
VERKFRÆÐISTOFA

Grensásveg 1 | 108 Reykjavík | Sími: 510 4000 | honnun@honnun.is | www.honnun.is

**VST** Verkfræðistofa  
Sigurðar Thoroddsen hf.

**Línuhönnun**  
verkfræðistofa

 **TÓNASTÖÐIN**  
Skipholti 50d Reykjavík, sími: 552 1185

**Ingibergur E. Ragnarsson**  
verkfræðingur

# Tónleikar

Föstudaginn 7. apríl í Selfosskirkju kl: 20:30 og  
laugardaginn 8. apríl í Breiðholtskirkju kl: 17:00

Í tilefni af 250 ára fæðingaráfmæli Mozarts munu Kirkjukór Breiðholts,  
Landsvirkjunarkórinn, Samkór Selfoss og Samkór Reykjavíkur flytja

## SÁLUMESSU MOZARTS

Einsöngvarar:  
Sópran: Þuríður G. Sigurðardóttir  
og Ólöf Inger Kjartansdóttir  
Alt: Jóhanna Ósk Valsdóttir  
Tenór: Bjartmar Sigurðsson  
Bassi: Keith Reed

Hljómsveitarstjóri: Gunnsteinn Ólafsson  
Konsertmeistari: Sif Tulinius

Miðaverð: 2000 kr.


  
Landsvirkjun



# W. A. MOZART

## Sálumessa Requiem KV626

- I. Introitus  
Requiem
- II. Kyrie
- III. Sequenz
  - 1. Dies irae
  - 2. Tuba mirum
  - 3. Rex tremendae
  - 4. Recordare
  - 5. Confutatis
  - 6. Lacrimosa
- IV. Offertorium
  - 1. Domine Jesu
  - 2. Hostias
- V. Sanctus
- VI. Benedictus
- VII. Agnus Dei
- VIII. Communio  
Lux aeterna



Keith og kórarnir hans

Keith Reed flutti hingað til lands frá Bandaríkjunum snemma á síðasta áratug. Hann söng við Íslensku óperuna og víðar á Íslandi, fór til Evrópu og söng þar í óperuhúsum, en hóf síðan störf á Austurlandi. Byggði hann upp tónlistarlífið þar af krafti og dugnaði, þannig að áhrifanna mun gæta um ókomna tíð. Þegar Keith Reed hefur tekið ákvörðun er fátt sem aftrar honum að fylgja henni eftir. Nú hefur hann ákveðið að sameina fjóra kóra til að flytja eitt af meistaraverkum tónlistarinnar. Skiptir þá engu að einn kóranna er á Selfossi og hinir þrír í Reykjavík. Keith stjórnar þremur kóranna og raddþjálfar þann fjórða og sem endranær keyrir hann verkefnið áfram af þeim kjarki og krafti sem honum einum er lagið.

Ekki er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur því að Keith hefur ákveðið að kórarnir flytji Requiem Mozarts, en það er eitt frægasta og rómaðasta verk kórbókmenntanna. Nú eru 250 ár liðin frá fæðingu Wolfgangs Amadeus Mozarts. Sálumessan varð svanasöngur tónskáldsins, sem dó aðeins 36 ára gamall. Reyndar tókst Mozart ekki að fullgera verkið, en það gerði nemandi hans og vinur, Franz Xavier Süsmayr. Kórarnir fjórir, sem flytja verkið eru: Kirkjukór Breiðholtskirkju, Landsvirkjunarkórinn, Samkór Selfoss og Samkór Reykjavíkur. Félagar í Sinfóníuhljómsveit Íslands taka þátt í flutningnum. Einsöngvarar eru Þuríður Guðný Sigurðardóttir, Ólöf Inger Kjartansdóttir, Jóhanna Ósk Valsdóttir, Bjartmar Sigurðsson og að sjálfsgöðu Keith Reed. Hljómsveitarstjóri er Gunnsteinn Ólafsson og Sif Tulinius konsertmeistari.

Það hefur verið aðáunarvert að fylgjast með undirbúningi þeirra sem lagt hafa á sig mikla vinnu til að gera flutninginn mögulegan. Að öðrum ólöstuðum ber þó enn að nefna kraftaverkamanninn Keith Reed, sem nú eins og endranær sýnir hvað hægt er að gera, þótt efniviðurinn sé að stærstum hluta áhugafólk en ekki atvinnumenn. Öll vitum við að áhrifamáttur tónlistar er mikill og fjölmargir þekkja af eigin raun hvernig starf í kórum tengir fólk og sameinar. Að lokum færur við þakkir öllum sem lagt hafa hönd á plóginn og gefa okkur nú tækifæri til að yfirgefa um stund eril dagsins og hverfa inn í heim, þar sem hljómarnir taka völdin.

*Friðrik Sophusson  
forstjóri Landsvirkjunar*

## I. Requiem

Requiem aeternam dona eis, Domine,  
et lux perpetua luceat eis,  
te decet hymnus, Deus in Sion,  
et tibi reddetur votum in Jerusalem;  
exaudi orationem meam,  
ad te omnis caro veniet.  
Requiem aeternam dona eis, Domine,  
et lux perpetua luceat eis.

Drottinn, veit þeim eilífa hvíld  
og lát hið eilífa ljós lýsa yfir þeim.  
Þér, Guð, ber lofsöngur í Sion,  
menn heita á þig í Jerúsalem.  
Heyr þú bæn mína,  
til þín mun allt hold koma.  
Drottinn, veit þeim eilífa hvíld  
og lát hið eilífa ljós lýsa yfir þeim.

## II: Kyrie eleison.

Kyrie eleison  
Christe eleison.

Drottinn, miskunna þú oss.  
Kristur, miskunna þú oss

## III. Sequenz

### nr. 1 Dies Irae

Dies irae, dies illa  
solvet saeculum in favilla,  
teste David cum Sybilla.

Dagur reiði, dagur bræði  
drekkið jörð með logaflæði,  
votta heilög Völufraði.

Quantus tremor est futurus,  
quando iudex est venturus,  
cuncta stricte discussurus.

Dauðans ógn er Drottinn alda  
dóm í skýjum fer að halda,  
öllum makleg gjöld að gjalda.

### nr. 2 Tuba mirum

Tuba mirum spargens sonum  
Per sepulcra regionum  
Coget omnes ante thronum.

Hátt mun lúður ljóssins gjalla  
lifendur og dauða kalla  
fyrir dóminn Drottins alla.

Mors stupebit et natora  
Cum resurget creatura  
Judicanti responsura.

Dauðinn mun í felur fara,  
framliðnum þá sér hann skara  
stefnt úr grófum Guði að svara.

Liber scriptus proferetur  
In quo totum continetur,  
Unde mundus judicetur.

Fram er borin bókin fróða  
birta mun sú allra þjóða  
vitnisburði, vonda, góða.

Judex ergo cum sedebit  
Quidquid latet apparebit,  
Nil inultum remanebit.

Drottinn síðan dæma tekur,  
dulsmál hvert af svefni vekur,  
kemst þá enginn undan sekur.

Quid sum miser tunc dicturus,  
Quem patronum togaturus,  
Cum vix justus sit securus?

Hverju skal ég sjálfur svara,  
sekur maður, hvert skal fara,  
sýkn og hreinn ef sig má vara?

### nr. 3 Rex tremendae

Rex tremendae majestatis,  
Qui salvandos salvas gratis,  
Salve me, fons pietatis.

Ógnarvaldur himins halla,  
hjálpþráð gefins þeirra er falla,  
náðarlind, til lífs mig kalla.

### nr. 4 Recordare

Recordare, Jesu pie,  
Quod sum causa tuae viae,  
Ne me perdas ilia die.

Minna vegna bönd þig bundu,  
blíði Jesú, kvöl þá mundu,  
Drottinn minn, á dómsins stundu.

Quaerens me sedisti lassus,  
Redemisti crucem passus,  
Tamus labor non sit cassus.

Þú, sem réðst mín þreyttur leita,  
þoldir kross og dauðasveita,  
ó, þú mátt um náð ei neita.

Juste iudex ultionis  
Donum fac remissionis  
Ante diem rationis.

Þú, sem allt munt endurgjalda,  
upp gef þú mér sekt margfalda,  
fyrir en dóminn ferð að halda.

Ingemisco tamquam reus,  
Culpa rubet vultus meus,  
Supplicanti parce, Deus.

Sjá, ég stúrin styn í hljóði,  
stórsyndarinn, þungum móði;  
Miskunna mér, Guð minn góði.

Qui Mariam absolvisti  
Et latronem exaudisti,  
Mihi quoque spem dedisti.

Þú, sem móður þjáða reistir,  
þú, sem ránsmann þíndan leystir,  
þér um eilífð önd mín treystir.

Preces meae non sum dignae,  
Sed tu bonus fac benigne,  
Ne perenni cremet igne.

Bænarorð mín ekkert vega.  
Ein þín miskunn græðir trega,  
glatar engum eilíflega.

Inter oves locurn praesta,  
Et ab haedis me sequestra,  
Statuens in parte dextra.

Vísa mér til hægri handa,  
höfrunum fjarri, þar sem standa  
sauðir þínir, sviptir vanda.

### nr. 5 Confutatis

Confutatis maledictis  
Flammis acerbis addictis,  
Voca me cum benedictis.

Blessað barn mig, Kristur, kalla,  
kvöl og neyð er grípur alla,  
sem í ógnareldinn falla.

Oro supplex et acclinis,  
Cor contritum quasi cinis,  
Gere curam mei finis.

Á þig, Drottinn, ég mig reiði,  
aumur, kraminn styn og beiði;  
Guð, þín hönd til lífs mig leiði.



*nr. 6 Lacrimosa*

Lacrimosa dies ilia  
Qua resurget ex favilla  
Judicandus homo reus.  
Huic ergo parce, Deus,  
Pie Jesu Domine,  
Dona eis requiem.  
Amen

Dapurt mun þann dag á foldu,  
er dróttar sekur rísa úr moldu  
að líða dóm á lýtum sönnum.  
Líkna, Guð, því aumum mönnum.  
Jesú, hilmir hreinn, lát þá  
hvíld og endurnæring fá.  
Amen.  
(Þýðing Matth. Jochumsson)

**IV. Offertorium**

*nr. 1 Domine Jesu*  
Domine, Jesu Christe,  
Rex gloriae,  
libera animas omnium fidelium  
defunctorum de poenis inferni,  
et de profundo lacu:

Drottinn Jesú Kristur,  
konungur dýrðarinnar,  
frelsa þú sálir allra trúaðra,  
sem framliðnir eru, frá kvölum vítis  
og hinum djúpa eldsjó.

libera eas de ore leonis,  
ne absorbeat eas tartarus,  
ne cadant in obscurum,  
sed signifer sanctus Michael  
repraesentet eas in lucem sanctam,  
quam olim Abrahae promisisti  
et semini ejus.

Losa þær úr gini ljóssins  
svo að hyldýpið gleypi þær ekki  
og eyði þeim í myrkrinu.  
En lát merkisbera þinn, heilagan Mikael  
leiða þær til ljóssins helga,  
sem þú forðum hefur heitið Abraham  
og afkvæmi hans.

*nr. 2 Hostias*  
Hostias et preces, tibi, Domine,  
laudis offerimus:

Förnir og lofgerð, Drottinn,  
færum vér þér .

tu suscipe pro animabus illis,  
quarum hodie memoriam facimus:  
fac eas, Domine,  
de morte transire ad vitam,  
quam olim Abrahae promisisti  
et semini ejus.

Heyr bænir vorar fyrir sálunum  
sem vér minnumst í dag.  
Leið þær, Drottinn, frá dauðanum  
til dýrðarlífsins.  
er þú hefur forðum heitið Abraham  
og afkvæmi hans.

libera animas omnium fidelium  
defunctorum  
de poenis inferni, et de profundo lacu:  
de morte transire ad vitam.

Frelsa sálir allra trúaðra,  
sem framliðnir eru,  
frá kvölum vítis og eldsjónum djúpa.  
Leið þær frá dauða til dýrðarlífs.

**V. Sanctus**

Sanctus Dominus Deus Sabaoth,  
Pleni suni coeli et terra gloria tua.  
Osanna in excelsis.

Heilagur ert þú Drottinn allsherjar.  
Himnar og jörð eru full dýrðar þinnar.  
Hósianna í upphæðum!

**VI. Benedictus**

Benedictus qui venit in nomine Domini. Blessaður sé sá sem kemur í nafni  
Drottins

**VII. Agnus Dei**

Agnus Dei, qui tollis peccata mundi,  
dona eis requiem.  
Agnus Dei, qui tollis peccata mundi,  
dona eis requiem sempiternam.

Guðs lamb, sem burt ber heimsins  
syndir heimsins veit þeim hvíld.  
Guðs lamb, sem burt ber heimsins  
syndir heimsins veit þeim eilífa hvíld.

**VIII. Communio Lux aeterna**

Lux aeterna luceat eis, Domine,  
cum sanctis tuis in aeternum,  
quia pius es.


Lát eilíft ljós lýsa þeim, Drottinn,  
meðal þinna heilögu um aldir alda,  
því að þú ert náðugur.

Requiem aeternam dona eis, Domine,  
et lux perpetua luceat eis,

Drottinn, veit þeim eilífa hvíld  
og lát hið eilífa ljós lýsa yfir þeim.







Svipmyndir frá æfingum á Requeim





**Gunnsteinn Ólafsson** fæddist árið 1962 á Siglufirði en ólst upp í Kópavogi. Hann stundaði nám í fiðluleik við Tónlistarskóla Kópavogs og við Tónlistarskólann í Reykjavík, auk þess að stjórna Kór Menntaskólans í Kópavogi samhliða námi þar. Hann hélt til framhaldsnáms við Franz Liszt-tónlistar-akademíuna í Búdapest og síðar Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi. Þá dvaldi hann veturlangt á Ítalíu að nema tónlist Monteverdis og ítalska tungu.

Gunnsteinn hefur frumflutt hér á landi nokkur söngverk barokktímans, svo sem Orfeo, Mariúvesper og Tancredi og Clorinda eftir Monteverdi og Arthur konung eftir Purcell. Þá hefur hann tekið upp ný íslensk verk fyrir útlarp og til útgáfu á geisladiska, stjórnað óperuflutningi í Þjóðleikhúsinu, Íslensku óperunni og hjá Óperustúdíói Austurlands. Hann kennir tónfræðagreinir og kór- og hljómsveitarstjórn við LHÍ og Tónlistarskólann í Reykjavík. Gunnsteinn nýtur nú listamannalauna um tólf mánaða skeið.



**Þuríður G. Sigurðardóttir** lauk kennaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 1992. Aðalkennarar hennar þar voru Ólöf

Kolbrún Harðardóttir og Guðmundur Jónsson. Hún hefur einnig notið leiðsagnar prof. André Orlovitz í Kaupmannahöfn. Þuríður hefur haldið einsöngstónleika og komið fram sem einsöngvari, þar á meðal með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur sungið á Listahátíðum í Ungverjalandi, Ítalíu og Danmörku. Meðal verkefna eru C-dúr messa Mozarts,

Sálumessa Fauré, Gloria eftir Vivaldi, Jólaóratória eftir Camille Saint-Saens, Exultate

Jubilate eftir Mozart og Messa Marsellíusar páfa eftir Palestrina. Hún er félagi í kór Íslensku Óperunnar og Óperukórnum í Reykjavík. Þuríður kenndi við Tónlis-



**Ólöf Inger Kjartansdóttir**, hóf söngnám sitt við Söngskólann í Reykjavík haustið 1996 þar sem hún hlaut leiðsögn hjá Sigrúnu Andrésdóttur fyrstu 6 stigin ásamt Kolbrúnu Sæmundsdóttur og Hólmfríði Sigurðardóttur. Ólöf Kolbrún Harðardóttir kenndi henni síðan frá haustinu 1999 til vorsins 2001 ásamt Iwonu Ösp Jagla, en þá lauk hún 8. stiginu. Leið Ólafar lá síðan í Háskóla Íslands, en hún fór jafnframt í áframhaldandi einkatíma í söng, fyrst hjá Ólöfu Kolbrúnu

og síðar hjá Keith Reed, en hann hefur kennt henni frá byrjun árs 2005. Auk þess hefur Ólöf Inger sungið í ýmsum kórum og sönghópum og tekið þátt í fjölbreyttu tónlistarstarfi.



**Jóhanna Ósk Valsdóttir** stundaði fiðlu- og víólunám í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og síðan við strengjakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík. Söngnám stundaði hún í Tónskóla S.D.K. hjá Ragnheiði Guðmundsdóttur og John A. Speight, og síðan hjá Sieglinde Kahmann og Krystynu Cortes í Tónlistarskólanum í Reykjavík.

Haustið 1998 hélt hún til framhaldsnáms við óperudeild Tónlistarháskólans í Stuttgart þar sem aðalkennarar

hennar voru France Simard-Bruse og Steven Hess og lauk þaðan prófi sumarið 2000. Jóhanna hefur haldið einsöngstónleika á Íslandi og í Bandaríkjunum og komið fram sem einsöngvari með kórum innanlands og utan.



**Bjartmar Sigurðsson**, tenór er fæddur í Reykjavík árið 1975. Hefur hann stundað nám í klassískum söng í fjögur ár og tvö þeirra erlendis. Þeir kennarar sem Bjartmar hefur stundað nám hjá eru Áslaug Hálfánardóttir, Sigríður Ella Magnúsdóttir og Ryland Davies, Englandi og kennarar í Royal Collage Of Music í London. Einnig lærði hann um tíma hjá Keith Reed á Seyðisfirði. Nú er hann í söngnámi hjá Ragnheiði Guðmundsdóttur, kennara í Söngskólanum

og framundan er þriggja vikna námskeið í maí í Florence á Ítalíu.

Bjartmar hefur sungið í nokkrum kórum á Íslandi og er helst að nefna Vox Academica hjá Hákonu Leifssyni.



**Keith Reed** hefur verið í tengslum við Ísland frá árinu 1987.

Hann er fimm barna faðir og á tvö barnabörn.

Keith hefur verið virkur í tónlistar- og menningarlífi á Íslandi frá árinu 1989. Hann er listrænn stjórnandi KFUM og KFUK og tónlistarstjóri og organisti Breiðholtiðskirkju.





**Sif Tulinius** lauk einleikaraprófi í fiðluleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur vorið 1991. Hún hlaut Fulbrigth styrk til náms í Bandaríkjunum og lauk B.A. gráðu frá Oberlin tónlistarháskólanum í Ohio. Kennarar hennar voru Almita og Roland Vamos. Síðar lauk hún meistara gráðu frá Stony Brook Tónlistarhásk. í New York undir handleiðslu Joyce Robbins og Joel Smirnoff. Sif hefur tekið þátt í flutningi kammertónlistar í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan. Hún hefur komið fram á alþjóðlegum tónlistarhátíðum m.a. í Tanglewood og Prussia Cove og tekið virkan þátt í flutningi nútímatónlistar m.a. í samvinnu við tónskáldin George Crumb og Sofiu Gubaidulina. Hún hefur leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Sif er meðlimur Kammerhóps Salarins og leikur með Caput tónlistarhópnum og Kammersveit Reykjavíkur og kemur reglulega fram sem einleikari. Hún hefur komið fram á helstu tónlistarhátíðum landsins, í Reykholti, Skálholti, Hveragerði og á Kirkjubæjarklaustri. Sif gegnir nú stöðu 2. konsertmeistara við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

#### Hljóðfæraleikarar:

Básúnur: Oddur Björnsson, Sigurður Þorbergsson, David Bobroff

Trompet: Ásgeir Steingrímsson, Einar Jónsson

Fagott: Darren Stonham, Kristín Mjöll Jakobsdóttir

Klarinett: Sigurður Snorrason, Kjartan Óskarsson

Pákur: Eggert Pálsson

#### 1. fiðla:

Sif Tulinius, Zbigniew Dubik, Una Sveinbjarnardóttir, Rósa Hrund Guðmundsdóttir

#### 2. fiðla:

Gréta Guðnadóttir, Bryndís Pálsdóttir, Pálína Árnadóttir, Roland Hartwell

#### Víólu:

Herdís Anna Jónsdóttir, Stefanía Ólafsdóttir

#### Selló:

Richard Talkowsky, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

#### Kontrabassi:

Hávarður Tryggvason

**Samkór Reykjavíkur** byggir á gömlum grunni, en hann var stofnaður 1978 sem Snæfellingakórinn í Reykjavík og á því 28 söngár að baki. Af þessum 28 árum stjórnaði Friðrik S. Kristinsson kórnum í 22 ár af miklum myndarskap. Vorið 2004 var vendipunktur í sögu kórsins. Kórinn breytti nafni sínu í Samkór Reykjavíkur og ráðinn var nýr kórstjóri, John Gear. Hann kemur frá Bretlandi, útskrifaðist frá London College of Music með BA-gráðu og einleikarapróf á píanó og trompet. Hann hefur stjórnað kórnum á Bretlandi, í Færeyjum og á Íslandi. Frá 1998 hefur John starfað sem tónmenntakennari í Smáraskóla í Kópavogi. Samkór Reykjavíkur (áður Snæfellingakórinn í Rvík.) hefur ávallt haldið vortónleika og jólatónleika.

Kórinn hefur farið þrjár ferðir út fyrir landsteinana. Fyrsta ferðin var farin til Noregs árið 1990. Árið 1997 hélt kórinn til Ungverjalands og Slóvakíu. Síðasta ferðin var farin til Bretlands vorið 2005, þar sem kórinn söng ásamt, Íslenska kórnum í London, 17. júní messu í St. Paul's kirkju í Covent Garden. Allar þessar ferðir hafa gefið kórfélögum ómælda ánægju og frábærar minningar. Kórinn hefur einnig farið margar söngferðir á heimaslóðir, Snæfellsnesið. Vorið 1999 heimsótti kórinn Vestfirðina og söng m.a. á Ísafirði og Þingeyri. Söngur kórsins hefur einnig hljómað í útvarpinu. Í dag samanstendur kórinn af 33. manna samstilltum kjarna sem hefur mikla ánægju af að syngja saman og það að takast á við Requiem eftir Mozart hefur verið einstaklega skemmtilegt og lærdómsríkt.

#### Landsvirkjunarkórinn

Landsvirkjunarkórinn var stofnaður haustið 1991. Stjórnandi kórsins frá upphafi og þar til síðasta haust var Páll Helgason. Raddþjálfari var strax fenginn kórnum til liðsinnis, Þuríður G. Sigurðardóttir, tónlistarkennari og hefur hún sungið með kórnum og verið einsöngvari. Hljóðfæraleikarar kórsins öll árin hafa verið þau Kolbrún Sæmundsdóttir á píanó og Guðni A. Þorsteinsson á harmoníku. Nýr stjórnandi var ráðinn sl. haust, Keith Reed, óperusöngvari og tónlistarmaður. Kórfélagar hafa verið á bilinu 30-40. Í upphafi voru einungis starfsmenn og makar í kórnum, en í seinni tíð hefur kórinn fengið til liðs félagar frá samstarfsfyrirtækjum. Á þeim 15 árum sem kórinn hefur starfað hafa ávallt verið haldnir jóla- og vortónleikar. Kórinn hefur árlega farið í heimsóknir á ýmis heimili aldraðra í Reykjavík og á Hótel Örk til að syngja fyrir orlofsgesti.

Landsvirkjunarkórinn hefur í tvisgang lagt land undir fót til Danmerkur. Fyrri ferðin var farin árið 1998 til Sjálands, þar var farið í heimsóknir í dönsk orkufyrirtæki í Kaupmannahöfn og víðar. Seinni ferðin var farin sumarið 2002, þá var haldið til Lemvig á Jótlandi þar sem haldnir voru tónleikar með Kammerkór bæjarins. Einnig var sungið víða annars staðar á Jótlandi.

Kórinn hefur gefið út tvo geisladiska, þann fyrri árið 1994

„Í Vorþeynum“, ýmis innlend og erlend lög, og þann seinni árið 2002 „Við eigum samleið“, lög eftir Sigfús Halldórsson.

Auk Sálumessunnar sem nú er flutt mun Landsvirkjunarkórinn syngja þegar hornsteinn verður lagður að Kárahnjúkavirkjun 12. maí nk. auk hefðbundinna vortónleika sem haldnir verða í Breiðholtskirkju 16. maí.



## Kirkjukór Breiðholtskirkju

Haustið 1972 var Daníel Jónasson ráðinn organleikari nýlega stofnaðs Breiðholtssafnaðar. Þá var séra Lárus Halldórsson sóknarprestur og Sigurþór Þorgilsson formaður sóknarnefndar. Fyrstu árin var messað í Breiðholtsskóla, fyrst í anddyri að austan við frumstæð skilyrði, svo í hátíðarsal skólans að vestan. Hátíðaguðspjónustur fóru fram í Bústaðakirkju fyrstu árin. Formlega var Kór Breiðholtskirkju stofnaður þennan vetur. Aðal hlutverk kórsins var að annast söng við guðspjónustur. Einnig söng kórinn alla tíð á aðventukvöldum safnaðarins og við ýmis önnur tækifæri. Má þar nefna innsetningu nýs sóknarprests, séra Gísla Jónassonar 1986, vígslu Breiðholtskirkju 1988, o.fl. Alla tíð var kórinn þátttakandi í árlegri safnaðarferð, ásamt safnaðarstjórn og sóknarpresti. Oft var einhver kirkja heimsótt og sungin messa, t.d. við kirkjurnar að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, í Reykholti, Þykkvabæ, Kirkjubæjar-klaustri, Eyrarbakka, Borgarnesi og víðar. Kórinn fór í tónleikaferðalag til Noregs og Svíþjóðar sumarið 1994. Í guðspjónustum var fyrst notast við harmonium, en fljótlega keypti söfnuðurinn Johannus rafmagnsorgel, sérbyggt sem kirkjuorgel. Kórinn stofnaði snemma orgelsjóð, til kaupa pípuorgeli og voru kórfélagar duglegir við að afla fjár, einkum konurnar, sem efndu iðulega til kókusölu, basara, kertasölu o. fl. Það átti þó eftir að taka 26 ár frá stofnun safnaðarins, þar til hann réðist í orgelkaup. Björgvin Tómasson smíðaði vandað 18 radda hljóðfæri, sem vígt var 1998.

Á 20 ára afmæli kórsins haustið 1992 efndi hann til veglegra tónleika í Breiðholtskirkju, en þeir voru hljóðritaðir. Einnig hefur kórinn haldið sjálfstæða tónleika og tekið þátt í tónleikahaldi með öðrum kórum. Daníel var organleikari og kórstjóri til haustsins 2000, eða í 28 ár. Þá tók Sigrún Þórsteinsdóttir við, síðan Bjartur Logi Guðnason um skeið og loks Keith Reed frá haustinu 2004.

**Samkór Selfoss** var stofnaður 24. sept. 1973. Kórinn hefur frá upphafi verið mjög virkur í sönglífi innan héraðs og utan. Fastir liðir í starfi kórsins eru jólavakan 22. des., þátttaka í aðventutónleikum með öðrum kórum á Selfossi, sameiginlegir tónleikar með Vörðukór og Árnesingakórnum í Reykjavík og vortónleikar. Einnig syngur kórinn við hina ýmsu menningarviðburði eftir því sem tækifæri gefast. Kórinn hefur gefið út nokkrar hljómplötur og geisladiska.

Ferðalög hafa verið stór og ánægjulegur þáttur í starfinu. Farið hefur verið víða um land, til sjávar og sveita og haldnir tónleikar. Fyrsta utanlandsferð kórsins var farin árið 1979, til Noregs. Síðan þá hefur kórinn víða lagt land undir fót, Kanada, Norðurlönd, tvisvar til Ungverjalands og nú síðastliðið sumar fór kórinn í sína aðra ferð til Bandaríkjanna. Var ferðast eftir vesturströnd Californíu og inn í landið og m.a. farinn „hinn gullni hringur“ þ.e. skoðaðir þjóðgarðarnir fimm, þar á meðal Miklagljúfur (Grand Canyon). Kórnum var boðið að taka þátt í hátíðahöldum á Íslendingadegi í Spanish Fork í Utah fylki og söng hann við afhjúpun minnisvarða um Íslendingana sem þangað fóru fyrir um 150 árum. Var vel tekið á móti kórfélögum og nutu þeir gestrisni íbúa Spanish Fork, sem margir eru afkomendur þessa fólks sem flutti vestur um haf.

Fyrsti stjórnandi kórsins var Jónas Ingimundarson, píanóleikari og hefur kórinn alla tíð síðan haft mjög hæfa söngstjóra. Síðan haustið 2004 hefur Keith Reed stjórnað kórnum og er mikill fengur að því að fá notið starfskrafta hans.

## Kirkjukór Breiðholtskirkju

Auður Árnadóttir, Gunnhildur H. Magnúsdóttir, Ólöf Inger Kjartansdóttir, Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir, Ásta Bryndís Schram, Lilja Dögg Magnúsdóttir, Þorgils Hlynur Þorbergsson, Jóhann A. S. Reed, Kristinn Óðinsson.

## Landsvirkjunarkórinn

Ágústa G. Atladóttir, Erla R Guðmundsdóttir, Guðbjörg Jóhannesdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Jóhanna Gunnarsdóttir, Júlíana Signý Gunnarsd., Kristín Kristinsdóttir, Ólöf Magnúsdóttir, Sigrún Halldórsdóttir, Stefania Sófusdóttir, Amalía Sverrisdóttir, Emilía Söbech, Hallgerður Þórðardóttir, Helga Kjaran, Kristín V. Richardsdóttir, Ruth Fjeldsted, Sigríður R. Sigurðardóttir, Sigrún Kristjánsdóttir, Soffía Þórisdóttir, Bergur Jónsson, Gylfi Theodórsson, Hjalti Sigmundsson, Oddur Kristinn Dagbjartsson, Sigurður St Arnalds, Theodór Theodórsson, Atli Ágústsson, Baldur Pálsson, Gísli Gíslason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristján Már Sigurjónsson, Ólafur Sigurðsson, Þráinn Sigurjónsson.

## Samkór Selfoss

Ásthildur Bjarnadóttir, Brynhildur Geirsdóttir, Guðbjörg Þ. Gestsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Helga Hallgrímsdóttir, Hjördís Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Jóhannesdóttir, Magnea Bjarnadóttir, Margrét Stefánsdóttir, Ulrike Kimpfler, Vera Ósk Valgarðsdóttir, Vigdís Hjartardóttir, Bryndís Sumarliðadóttir, Guðrún Þórunna Jónsdóttir, Halldóra Stóra, Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Jórunn Viðar Valgarðsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Jason Mortensen, Páll B. Ingimarsson, Stefán M. Böðvarsson, Shawn Roylance, Stefán Logi Sigurþórsson, Trausti Steinsson, Þengill Ólafsson, Ægir Pétur Ellertsson, Geir Baldursson, Sigurður Bjarnason.

## Samkór Reykjavíkur

Anna Lára Gunnarsdóttir, Anna S. Magnúsdóttir, Ásta Ólafsdóttir, Elsa Hafsteinsdóttir, Helga Þormóðsdóttir, Hildur Gísladóttir, Rósa Kristjánsdóttir, Signý Þórðardóttir, Steinunn Tryggvadóttir, Ásdís Sigurjónsdóttir, Edda Ársælsdóttir, Erla Sigurbjartsdóttir, Halla Sigurgeirsdóttir, Kristín Rögnvaldsdóttir, Kristín Ýr Gunnarsdóttir, Kristín Th. Óladóttir, Ragna Óladóttir, Soffía Björgvinsdóttir, Vigdís B. Sigurgeirsdóttir, Vilborg Sverrisdóttir. Eiríkur Guðmundsson, Hreinn Guðmundsson, Nikulas Hannigan, Óli Laxdal, Sigurður Pétursson, Bergþór Júlíusson, Conor Byrne, Einar Jónsson, Frimann Frímansson, Kristján Bjarnason, Magni Þorvaldsson.